

Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 1999–2003

New registration of limited liability companies 1999–2003


Samantekt Nýskráðum hlutafélögum og einkahlutafélögum hefur fjölgað mikið undanfarin tvö ár. Mest var aukningin á milli árunna 2001 og 2002 þegar fjöldi nýskráninga jókst úr 1.871 árið 2001 í 3.120 árið 2002 sem jafngildir um 67% aukningu á milli ára. Árið 2003 fækkaði nýskráningum hins vegar um tæpan fjórðung frá árinu 2002 þegar 2.389 ný hluta- og einkahlutafélög voru skráð. Skipting nýskráninga niður á atvinnugreinar og landsvæði er nokkuð jöfn milli ára þrátt fyrir töluverðar sveiflur í fjölda nýskráðra fyrirtækja.

Flutningur fyrirtækjaskrár Tölur yfir fjölda nýskráninga hlutafélaga og einkahlutafélaga eru unnar upp úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Fyrirtækjaskrá var með lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá færð frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra frá og með 1. júlí 2003.

Flestar nýskráningar árið 2002 Árið 2003 var fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2.389 hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Nýskráningum fækkar því um rúm 23% frá árinu 2002 sem var metár í fjölda nýskráðra hluta- og einkahlutafélaga þegar 3.120 ný félög voru skráð.

Mynd 1. Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 1999–2003

Figure 1. *New registrations of limited liability companies 1999–2003*



Hlutur atvinnugreina

Flestar nýskráningar á árunum 1999–2003 hafa verið í yfirflokknum fasteigna- viðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta. Árið 2003 voru nýskráningar í



*Flestar nýskráningar í
fasteignaviðskiptum,
leigustarfsemi og ýmisri
sérhæfðri þjónustu*

Þessum yfirflokki alls 838 eða 35% nýskráninga. Yfirflokkar sem næstir komu á eftir voru verslun og ýmis viðgerðarþjónusta með 377 skráningar (16%), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 290 (12%), iðnaður 176 (7%) og fiskveiðar 175 (7%). Skipting nýskráninga hlutafélaga og einkahlutafélaga niður á atvinnugreinar hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár, athygli vekur þó hversu margar nýskráningar voru í fiskveiðum árið 2002, 444 fyrirtæki eða rúm 14% af nýskráningum það ár (tafla 1).

Eins og áður segir hafa flestar nýskráningar undanfarin ár verið í yfirflokknum fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta. Undir þennan flokk falla m.a. atvinnugreinar eins og rekstur eignarhaldsfélaga¹, leiga atvinnuhúsnæðis, hugbúnaðargerð og ráðgjöf varðandi hugbúnað. Á tímabilinu 1999–2003 eru það yfirleitt sömu atvinnugreinarnar sem hafa flestar nýskráningar undir þessum yfirflokki, þar sem leiga atvinnuhúsnæðis og rekstur eignarhaldsfélaga hafa töluverða yfirburði eins og sjá má í töflu 3.

*Flest fyrirtæki skráð í leigu
atvinnuhúsnæðis*

Ef einstakar atvinnugreinar eru skoðaðar án tillits til yfirflokka þá kemur í ljós að flestar nýskráningar árið 2003 voru í flokknum, *leiga atvinnuhúsnæðis* (221), því næst *húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð* (166), þá *rekstur eignarhaldsfélaga* (157) og *smábátatúngerð* (147). Í öðrum einstökum atvinnugreinum voru nýskráningar færri en 100 árið 2003. Í töflu 2 er að finna þróun þeirra atvinnugreina sem höfðu flestar nýskráningar á árinu 2003.

Hlutur landsvæða

*Flestar nýskráningar á
höfuðborgarsvæðinu*

Af landsvæðum voru langflestar nýskráningar árið 2003 á höfuðborgarsvæðinu, alls 1.645 eða 69% allra nýskráninga. Norðurland eystra var með næstflestar nýskráningar eða 201 (7%), en færstar nýskráningar voru á Norðurlandi vestra, 48 eða 2% af nýskráningum á árinu (tafla 4). Af þeim 20 atvinnugreinum sem höfðu flestar nýskráningar árið 2003 var landsbyggðin með meira en helming nýskráninga í aðeins 2 atvinnugreinum, *smábátatúngerð* og *leiga á vinnuvélum með stjórnanda*.

*Flestar nýskráningar á
Vestfjörðum miðað við
íbúafjölda*

Að meðaltali voru 8,3 nýskráð hluta- og einkahlutafélög á hverja þúsund íbúa árið 2003 (tafla 5). Vestfirðir voru með flestar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 9,2 á hverja þúsund íbúa, höfuðborgarsvæðið fylgdi í kjölfarið með 9,1 nýskráningu á hverja þúsund íbúa, þá Suðurnes (7,6) og Vesturland (7,5). Norðurland vestra rak lestina en þar voru 5,2 nýskráð fyrirtæki á hverja þúsund íbúa árið 2003.

English summary

New registrations of limited liability companies have increased significantly during the last two years. The largest increase in new registrations was between the years 2001 and 2002 when the total number of registrations rose from 1,871 companies in 2001 to 3,120 companies in 2002, an increase equivalent to 67 percent. On the other hand, the total number of new registrations decreased by 23 percent in the year 2003 when 2,389 limited liability companies were registered. The division of new registrations on economic activities and regions is similar between the years despite fluctuations in the total number of new registrations.

¹ Þau félög sem skráð eru í atvinnugreinina *rekstur eignarhaldsfélaga* eru félög þar sem aðalstarfsemi felst í að eiga hlutafé í öðrum fyrirtækjum án þess að þau sjálf framleiði eða bjóði þjónustu að nokkru marki.

Tafla 1. Nýskráningar hlutfélaga og einkahlutfélaga eftir yfirflokkum atvinnugreina 1999–2003Table 1. *New registrations of limited liability companies by economic activity 1999–2003*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	1999	2000	2001	2002	2003
Fjöldi nýskráðra félaga, alls <i>New registrations</i>	1.865	2.075	1.871	3.120	2.389
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt <i>Agr., hunting and forestry</i>	24	40	32	81	65
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	82	114	103	444	175
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	–	–	1	1	1
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	198	167	136	181	176
Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	7	1	1	9	4
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>	211	234	222	394	290
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i>	340	321	274	431	377
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	98	123	83	154	125
Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i>	72	87	70	121	90
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation</i>	33	26	31	43	21
Fasteignaviðsk., leigustarfs. og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i>	542	652	512	882	838
Opinber stjórnarsýsla; almannatryggingar <i>Public administration</i>	–	–	–	–	–
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	12	17	15	21	23
Heilbrigðis og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	44	52	69	154	59
Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl. <i>Other services</i>	99	108	111	164	132
Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i>	103	133	211	40	13

Tafla 2. Nýskráningar hlutfélaga og einkahlutfélaga í helstu atvinnugreinum 1999–2003Table 2. *New registrations of limited liability companies by economic activity 1999–2003*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	1999	2000	2001	2002	2003
Heildarfjöldi nýskráninga <i>Total</i>	1.865	2.075	1.871	3.120	2.389
Þær 20 atvinnugreinar sem höfðu flestar nýskráningar 2003					
<i>The 20 activities which had the most frequent new registrations during 2003</i>	825	936	741	1.695	1.305
Leiga atvinnuhúsnæðis <i>Letting of non-residential housing</i>	108	94	69	259	221
Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð <i>Building of complete constructions or parts thereof</i>	121	134	126	215	166
Rekstur eignarhaldsfélaga <i>Management activities of holding companies</i>	114	176	75	116	157
Smábátatúting <i>Operation fishing boats smaller than 10 GRT</i>	44	62	62	389	147
Matsölastaðir <i>Restaurants</i>	67	67	54	105	80
Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði <i>Business and management consultancy activities</i>	36	21	26	55	78
Hugbúnaðargerð; ráðgjöf varðandi hugbúnað <i>Software consultancy and supply</i>	66	86	52	77	61
Önnur heildverslun <i>Other wholesale</i>	37	39	18	38	45
Framleiðsla kvikmynda og myndbanda <i>Motion picture and video production</i>	15	19	23	43	36
Bílavíðgerðir og viðhald; hjólbardáviðgerðir <i>Maintenance and repair of motor vehicles</i>	28	35	37	48	34
Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities n.e.c.</i>	38	51	30	42	33
Fasteignamiðlun <i>Real estate agencies</i>	10	11	9	19	33
Starfsemi listamanna <i>Artistic and literary creation and interpretation</i>	17	15	10	25	30
Raf- og boðlagnir; starfsemi rafverktaka <i>Installation of electrical wiring and fittings</i>	21	15	20	38	29
Leiga íbúðarhúsnæðis <i>Letting of residential housing</i>	9	9	22	28	28
Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþj. <i>Activities of travel agencies and tour operators</i>	19	23	14	24	28
Almenn málmismiðjuþjónusta og blikksmiði <i>General mechanical engineering</i>	25	16	18	24	26
Önnur auglýsingastarfsemi <i>Other advertising activities n.e.c.</i>	9	12	14	29	25
Sérfræðiþjónusta lækna <i>Practicing medical specialists</i>	17	21	40	88	24
Leiga á vinnuvélum með stjórnanda <i>Renting of constr. or demolition equipment with operator</i>	24	30	22	33	24
Aðrar atvinnugreinar <i>Other activities</i>	1.040	1.139	1.130	1.425	1.084

Tafla 3. Nýskráningar í fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissri sérhæfðri þjónustu 1999–2003Table 3. *New registrations in real estate, renting and business activities 1999–2003*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	1999	2000	2001	2002	2003
Heildarfjöldi <i>Total</i>	542	652	512	882	838
Þær 15 atvinnugreinar sem höfðu flestar nýskráningar árið 2003					
<i>The 15 sub-sections which had the most frequent new registrations during 2003</i>	452	564	401	760	730
Leiga atvinnuhúsnæðis <i>Letting of non-residential housing</i>	108	94	69	259	221
Rekstur eignarhaldsfélaga <i>Management activities of holding companies</i>	114	176	75	116	157
Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði <i>Business and management consultancy activities</i>	36	21	26	55	78
Hugbúnaðargerð; ráðgjöf varðandi hugbúnað <i>Software consultancy and supply</i>	66	86	52	77	61
Fasteignamiðlun <i>Real estate agencies</i>	10	11	9	19	33
Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities n.e.c.</i>	38	51	30	42	33
Leiga íbúðarhúsnæðis <i>Letting of residential housing</i>	8	9	22	28	28
Önnur auglýsingastarfsemi <i>Other advertising activities n.e.c.</i>	10	12	14	29	25
Lögfræðiþjónusta <i>Legal activities</i>	10	16	12	30	17
Ræstingar, sóttþreinsun og meindýraeyðing <i>Industrial cleaning</i>	10	18	25	25	16
Starfsemi auglýsingastofa <i>Advertising agencies</i>	11	8	13	24	13
Leiga á landi og landréttindum <i>Letting of land and land rights</i>	1	6	7	12	13
Önnur starfsemi tengd tölvum og gagnavinnslu <i>Other computer related activities</i>	5	36	13	3	13
Bókhaldsþjónusta, endurskoðun og skattaráðgjöf <i>Accounting, book-keeping and auditing activities</i>	10	11	26	32	11
Starfsemi arkitekta og tækniráðgjöf tengd byggingum <i>Archit. activ. and related techn. consultancy</i>	15	9	8	9	11
Aðrar nýskráningar <i>Other new registrations</i>	90	88	111	122	108

Tafla 4. Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum 1999–2003Table 4. *New registrations of limited liability companies by region 1999–2003*

	1999		2000		2001		2002		2003	
	Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa	
	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.
Allir landshlutar <i>Total</i>	1.865	6,7	2.075	7,4	1.871	6,6	3.120	10,8	2.389	8,3
Höfuðborgarsvæði <i>Cap. reg.</i>	1.296	7,6	1.457	8,4	1.286	7,3	2.067	11,5	1.645	9,1
Suðurnes <i>Southwest</i>	80	5,0	95	5,8	89	5,3	135	8,0	128	7,6
Vesturland <i>West</i>	85	6,1	86	6,1	93	6,5	183	12,6	108	7,5
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	62	7,2	68	8,3	68	8,4	131	16,4	72	9,2
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	53	5,6	47	5,0	50	5,3	70	7,6	48	5,2
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	116	4,4	130	4,9	113	4,3	199	7,5	163	6,1
Austurland <i>East</i>	72	5,9	60	5,0	58	4,9	134	11,4	86	7,3
Suðurland <i>South</i>	101	4,9	132	6,3	114	5,4	201	9,4	139	6,5

Hagtidindi *Fyrirtæki og umsvif* Statistical Series *Enterprises and turnover*

89. árgangur nr. 6

2004:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4517 (pappir *paper*) • ISSN 1670-4525 (pdf)Verð *Price ISK 500 EUR 6*Umsjón *Supervision* Magnús Kári Bergmann • magnus.bergmann@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandBréfasími *Fax* +(354) 528 1099Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*